

Velferðarnefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. janúar 2015

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997 með síðari breytingum, mál 211 á 144. löggjafarþingi.

Bandalag háskólamanna hefur mótað sér skýra stefnu í því að auka skuli menntunarstig á Íslandi og að því skuli stefnt með öllum tiltækum ráðum.

BHM telur mikilvægt að námsmönnum á framhalds- og háskólastigi sé ekki mismunað eftir því hvernig búsetuform þeir búa við og að ekki sé hægt að una við það að skortur á námsgörðum geti hindrað námsmenn í að stunda nám.

BHM telur því mikilvægt að gera þær breytingar á húsaleigubótum sem lagðar eru til í frumvarpinu þannig að aðstæður námsmanna séu jafnaðar.

Virðingarfyllst,



Páll Halldórsson,
formaður.